

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 25. október 2018
UST201810-062/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012 – 2024 – breyting – Hellishólar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþingi eystra er barst 4. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi í landi Hellishóla.

Í lýsingu kemur fram fyrirhugað er að breyta landnotkun á 6,6 ha í landi Hellishóla í Fljótshlíð úr frístundabyggð í íbúðarbyggð.

Í lýsingu er fjallað um stefnu í gildandi aðalskipulagi varðandi íbúðarsvæði: „Þróun byggðar og skipulag nýrra íbúðarsvæða mótist af hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri þjónustukerfa og góðum tengslum við miðlæga þjónustu.“

Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram frekari upplýsingar í breytingartillögunni hvernig fyrirhuguð íbúðarbyggð falli að gildandi stefnu aðalskipulagsins.

Í landsskipulagsstefnu í kafla 2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli segir: „*Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli.*“

Auk þess segir í kafla 2.1.1 Sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að uppbygging verði haldið áfram á þegar skilgreindum íbúðarsvæðum í sveitarfélaginu, áður en skilgreindar eru ný íbúðarsvæði á ræktuðu landi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur